

## Menntaðar meyjar – maí 2020

Í umræðum um samskipti kynjanna hefur oft og tíðum verið talað um, að karlar væru andsnúnir menntun ástkvenna, dætra, frænkna og vinkvenna – kvenna yfirleitt. Sagan talar þó öðru máli.

Skyggnumst um öxl til menningar Araba. Trúarrit þeirra, Kóraninn, kveður á um, að í öllum veigamiklum atriðum skyldu kynin njóta jafnræðis. Lögð var áhersla á menntun kvenna og þátttöku í samfélaginu, m.a. í hernaði. Eiginkonur spámannsins, Múhameðs, voru lifandi dæmi. Khadijah var viðskiptajöfur og Aisha herforingi og fræðimaður. Annar fræðimaður úr röðum kvenna, Fatima bint Muhammad Al-Fihriya Al Quarashiya/Fatima al-Fihri (800? – 880?) stofnaði Háskólann í Al Qarawiyyin í Marókkó árið 859, þann fyrsta í veraldarsögunni. En menntun hafi vissulega átt sér stað í menningarsamfélögum fornaldar eins og t.d. í „Lyceum,“ hinum fræga skóla Aristótelesar í Aþenu. (Orðið lifir í frönsku sem heiti yfir æðri menntastofnanir, háskóla.)

Háskóli eða „universitas“ þ.e. æðri menntastofnun í evrópskum skilningi, var upprunalega samfélag eða gildi kennara eða nemenda. Eitt slíkt gildi var stofnað í París 1208 undir vernd páfa með bréfi eða bullu frá 1231 (parens scientiarum). Námið sjálft gekk stundum undir nafninu almenn fræði (studium generale). Í hinum fyrstu háskólum var menntun skipt í fjögur megin svið, þ.e. almennt undirbúningsnám, lögfræði, læknisfræði og guðfræði, en undir hana féllu m.s. náttúruvísindi og sagnfræði. Fyrirmyndir lærdómstítla og prófgráða voru sóttar til arabískrar menntahefðar. Háskólar miðalda miðluðu fyrst og fremst þekkingu, sem nauðsynleg var til að inna af hendi hin ýmsu embætti.

Fyrsti klausturskólinn (Benediktsklaustur) var stofnaðar 529. Nemendur voru af báðum kynjum. Klausturskólar og latínuskólar voru fyrirrennarar háskólanna, stofnsettir í lok elleftu aldar. Kunn er snillingurinn, Ingunn Arnórsdóttir (1080? – 1150?), lærða, sem nam undir handarjaðri Jóns Ögmundssonar, biskups, að Hólum. Hún var fjölgáfuð hæfileikakona; latínujöfur, hannyrðalistamaður og skákmaður.

Birgitta Birgersdotter/Birgitta av Vadstena/heliga Birgitta (1303-1373), var annar menntajöfur af norrænu kyni. Hún var sænsk, átta barna móðir. Birgitta fékk köllun og stofnaði kvennaklaustur víða um Evrópu, sérstaklega í Svíþjóð, Noregi og Stóra-Bretlandi. Þau urðu lærdómssetur bókmennta og menningar yfirleitt. Birgitta var ein þriggja kvenna af sex verndardýrlingum Evrópu.

Þegar hér var komið sögu stóð þrætan um eðli og hæfileika kynjanna sem hæst. Menntaðar konur í Evrópu gerðu garðinn frægan, t.d. Bettisia Gozzadini (1209-1261). Hún hneigðist ung til mennta og hlaut einkakennslu hjá tveim karlprófessorum við háskólann í Bologna. Þeir aðstoðuðu hana síðar við inngöngu í skólann. Sagan hermir, að hún hafi jafnvel þurft að dulbúast sem karlmaður á tímabili. Og þegar að því kom, að hún sjálf varð kennari við skólann, hafi hún valið að halda fyrirlestra sína að tjaldabaki til að trufla ekki einbeitingu nemenda sökum fegurðar sinnar.

Bettisia var rómaður kennari. Hún var eftir öllum sólarmerkjum að dæma fyrsti kvenprófessor sögunnar. Bettisia naut m.a. aðdáunar og stuðnings biskupsins í Bologna, sem við andlát sitt mælti fyrir um, að Bettisia minntist hans við útförina. Síðar tók Bettisia þátt í messu páfa. Hún átti nána samvinnu við fyrrum kennara sinn og velgjörðarmann, Accursio/Accursio da Bagnolo/Accursius (1184?-1263?), um skýringu og eflingu Rómarlaga Justians (Corpus Juris Civilis), sem síðar varð ein af lagaundirstöðum Evrópuríkja nútímans (Glossa Accurio/Magna Glossa). Bettisia tók þátt í vinnu læriföður síns.

Snillingurinn, Isotta Nogarola (1416/1418-1466), var einnig af ítölsku bergi brotin. Isotta var næm og bókhneigð og varð brátt kunn fyrir lærdóm sinn og ritstörf. Einn kennara hennar var Guarino da Verona (1374-1460), kunnur lærdómsmaður og mannúðarsinni. Isotta reit honum bréf árið 1437 í því skyni að öðlast viðurkenningu hans og þar með auka frama sinn. Þegar þetta spurðist út, gerðu konur borgarinnar óspart gys að henni. Þegar Isotta fór að lengja eftir svari skrifaði hún aftur og nú ómyrk í máli: „Hvers vegna [...] var ég kona borin í þennan heim? Svo að karlar settu mig hjá garði í orðum og æði? Einsömul spyr ég mig þessarar spurningar? ... Sú ósanngirni þín, að virða mig ekki viðlits, hefur haft þjáningar í för með sér. Engar þjáningar eru verri. Sjálfur staðhæfðir þú, að ekkert væri mér ókleift. Það hefur ekki gengið eftir. Sorg hefur komið í gleði stað í hugskoti mínu. ... Því borgarbúar hreyta í mig ónotum og konur gera aðsúg að mér.“

Lærifaðirinn bifaðist og skrifaði: „Það var trúá mín og sannfæring, að þú byggir yfir manndómi ... en nú ertu svo buguð og heillum horfin, svo kvenleg, að mér þykir sýnt, að þú búir á engan hátt yfir þeim eiginleikum, er ég hugði prýða þig.“

Enn var reynt á þolrif Isottu, þegar sá kvittur breiddist út, að hún væri lauslát – eins og almannarómur oft og tíðum taldi menntakonur vera. Isotta flutti til Feneyja, hringiðu mannlífsins, þar sem hún menntaðist frekar. En aldrei náði hún fótfestu meðal lærðra karla, þrátt fyrir aðdáun þeirra.

Árið 1441 stofnaði Isotta til málstofu í Mílanó. Hugleiðingar um hlutfallslega synd Adams og Evu eru taldar meðal merkustu verka hennar. Það var skrifað 1451. Uppistaða þess eru bréfaskriftir Isottu við vininn og velgjörðarmanninn, Ludvico Foscarini (1409-1480), borgarstjóra í Feneyjum. Isotta taldi Adam bera meiri ábyrgð en Eva á syndafallinu, þar eð hann bjó yfir meiri þekkingu og afli. Verkið var síðar gefið út af frænda hennar. Bréf Isottu hafa einnig vakið mikla athygli, m.a. þar sem hún bendir á dáðir genginna kynsystra. Á ofanverðri sautjándu öldinni átti bókasafn í París hvorki meira né minna en 564 bréf hennar til lærðra og leikinna í fórum sínum. Isotta er talin meðal helstu mannúðarsinna á ítalska endurreisnartímanum.

Það var ekki bara ofangreindur Guarino, sem hugði konur efni í menntamenn (e. ladies of letters). Samuel Torshell/Torsel (1604-1650), enskur rithöfundur, lofaði kvenmenntamenn í riti sínu: „Dýrð kvenna: ritgerð með áherslu á verðskuldaðan heiður þess kyns. Tileinkuð hinni ungu, hávelbornu konungsdóttur, Elísabetu.“ (The womans glorie. A treatise asserting the due honour of that sexe, and directing wherein that honour consists: dedicated to the young princesse, Elizabeth her highnesse). Bókin var sem sé tileinkuð Elizabeth Stuart (1635-1650).

Umgetin bók kom út 1645. Höfundur segir m.a.: „Konum er allt kleift. Þær voru skapaðar í mynd Guðs. Svo einnig sál þeirra. Líkami þeirra einkennist af grósku. Kyninu er álasað af ósekju.“ Meginstaðhæfingar bókarinnar eru tvær: „I. Að konur geti náð þeim hæstu stigum þroska og dýrðar, sem vænta má, að mannkyn nái. 2. Að hæst muni þær ná við þroskun sálarinnar og að mesta dýrð þeirra sé bundin sálinni.“ Vitnisburð, sem styður þessar staðhæfingar, telur höfundur að finna megi í heilagri ritningu, goðsögnum, menningarsögu og skrifum fornra heimspekinga. Það sýnir hann fram í bók sinni, að eigin dómi.

Franski fræðimaðurinn, Gilles Ménage (1613-1692) lék á sömu strengi og Samuel. Árið 1664 gaf hann út bók Diogenes Lertius (lifði á þriðju öld) um málsmetandi, gríska heimspekinga. Hann jók síðan við rit þetta sérstakri sögu kvenspekinga árið 1690: „Historia mulierum Philosopharum.“ Ritið fjallar um sextíu og fimm kvenspekinga í fornöld og fram á fjórtánda öld. Verk sitt tileinkaði hann Anne Lefevre Dacier (1654-1720), sem höfundur taldi „lærðustu konu allra tíma.“

Munnmælasögur sem og skráð saga mannkyns greinir einnig frá menntakönum úr stétt fylgikvenna. Hin forngríska Phryne var annálaður snillingur. En það var líka hin ítalska Tullia d' Aragona (1510-1556), öldum síðar. Hún var fylgikona (cortegiane honorate), skáld, rithöfundur og heimspekingur, fædd í Róm. Móðir hennar var Giulia (Ferrarese) Campana, viðkunn, íðilfögur fylgikona. Það er hald manna, að Luigi d' Aragona hafi verið faðir Tullíu. Sá hinn sami sá til þess að dóttirin hlyti góða menntun.

Þegar á unga aldri var talað um hana sem undrabarn. Tullia var svo töfrandi í alla staði, að karlar af betri stigum féllu kylliflatir fyrir henni. Einn þeirra, Ercole Bentivoglio, tjáði henni ást sína og þrá með því að skrifa nafn hennar á sérhvert tré við ána Pó. Tullia giftist til að komast hjá lífi í skækjuhverfunum. Hún hélt áfram að skrifa og veitti á heimili sínu forstöðu eins konar heimspekistofu eða akademíu. Tullia var talsmaður jafnréttis kynjanna og skrifaði m.a. um kynferðislegt og tilfinningalegt sjálfstæði konunnar.

Á síðmiðöldum stóðu fjölmargar konur fyrir svonefndum menntastofum og stofnuðu til menntabréfahringja (epistolary network). Ein sú allra merkasta var ofursnillingurinn, Anna Maria van Schurman (1607-1678). Hún var hollenskur málari, menntamaður og skáld, viðkunn fyrir afburðamenntun og einstaka hæfileika, undrabarn. Fluglæs var hún fjögurra ára á móðurmál sitt, hollensku, sjö ára kunní hún góð skil á forngrísku og latínu. Um ellefu ára aldur hafði hún bætt við sig þýsku, frönsku, hebresku, ensku, spænsku og ítölsku. Hún nam fjórtán þjóðtungur, fornar og nýjar. Menntun sína hlaut hún að miklu leyti í föðurranni með aðstoð þriggja karlprófessora.

Árið 1634 var Anna María, stundum kölluð stjarna Utrecht, fengin til að halda ræðu á latínu við opnun háskólans í Utrecht. Í ræðu sinni bar hún sig illa undan því, að konum væri ekki leyfður aðgangur að háskólum. Tveim árum seinna var Anna María orðin fyrsti kvennemandi í háskólanum – fyrsti kvennemandi hollenskra háskóla yfirleitt. Aðstæðum við námið varð að haga þannig, að karlkynsnemendur berðu hana ekki augum. Þessi ofursnillingur stundaði ítarnám í tungumálum og bætti svo við sig lögfræði, stærðfræði, stjörnufræði og landfræði.

Anna María hafði bréfasamband við marga afreksmenn af kvenkyni á hennar méli, t.d. hina dönsku Birgitte Thott (1610-1662), sem Anna María gaf viðurnefnið „tíunda vísdómgyðja norðursins;“ hina írsk-ensku Dorothea/Dorothy Moore Durie (1612? – 1664?); hina ensku Bathsua Reginald Makin (1600?-1675?); hina frönsku Marie de Gournay (1565-1645); hina fransk-hollensku Marie du Moulin (1622-1699); hina dönsk-þýsku konungsdóttur, Elizabeth Stuart í Bæheimi (Bohemia) (1596-1662) – reyndar einnig talin þungamiðja hringins, þar sem útleigðarhirð hennar var staðsett í Hag - og hina sænsku drottningu, Kristina Augusta Wasa/Christina Alexandra (Gustavsdotter) (1632-1654).

Ofangreindar afrekskonur mynduðu hinn innri hring, en þeim tengdust fræðimenn af báðum kynjum úr fjölskyldu, vinahópi og svo velgjörðarmenn. Þær skrifuðust vitaskuld einnig á við fjölda karlfræðimanna, sem stofnað höfðu menntahring sama eðlis. Raunar voru hringir þessir samþættir. Pennavinahringurinn hefur einnig verið nefndur; „Bréfalýðveldið (Republic of Letters – Anne Goldgar)“ og „Kvennalýðveldið“ (Carol Pal). Svo virðist sem hringurinn hafi verið órofinn í um það bil hálföld, þ.e. frá 1630-1680. Carole Pal fullyrðir, að hringurinn hafi verið „samþættur og þýðingarmikill hluti menntunarbyltingar,“ sautjándu aldar. Sumir telja, að jafnvel upp undir tvö hundruð konur hafi myndað ytri hringinn.

Anna María var ákafur talsmaður menntunar kvenna. Árið 1641 gaf hún út rit um menntun kvenna á latínu, „Dissertatio de ingenii muliebris ad doctrinam et meliores litteras aptitudine.“ (Sextán árum síðar hét ritið á enskri tungu: „The Learned Maid or, Whether a Maid be a Scholar.“) Yrðing bókarinnar er; „bóknám er við hæfi kristinnar konu.“ Í bókinni hrakti hún m.a. þá bábilju aldanna, að í biblíunni mætti finna því stað; í fyrsta lagi, að guðhræðsla/tilbeiðsla og menntun gætu ekki farið saman; og í öðru lagi, að konur væru undirgefnar körlum og síðri námsmenn, heldur en þeir. Anna María staðhæfði, að fengju konur menntun í tungumálum og biblíunni, yrðu þær betri trúmenn og örvuðu heilabú sitt.

En almúgakonur voru þó undanþegnar og menntun kvenna skyldi ekki trufla þær við heimilisskyldurnar. Anna María gerði sér ljósa grein fyrir því, að bóknám hentaði ekki öllum konum frekar en körlum. Hún tók ekki undir þau sjónarmið nokkurra kynsystra, þar á meðal Lucrezia Marinella (1571-1653), að konur væru yfirburða mannverur.

Í bréfaskriftum við hinn snjalla, franska heimspeking, René Decartes (1596-1650), voru þau sammála um gildi skynseminnar fyrir mannþroskann. Á sjötugsaldri gerðist Anna María trúarleiðtogi í mótmælendasöfnuði Jean de Labadie (1610-1674). Árið 1673 birti Anna María eins konar sjálfsævisögu, „Eukleria seu Melioris Partis Election (Eucleria).“ Þar færði hún m.a. rök fyrir aðdáun sinni á Paula frá Róm (347-404), sem m.a. tók þátt í þýðingu biblíunnar á latínu. Bókin fékk góður viðtökur m.a. hjá heimspekijöfrinum þýska, Gottfried Wilhelm Leibniz (1646-1716).

Hér skal staðar numið, en lengi mætti enn nefna yfirburðafólk úr röðum kvenna til sögu. Nær allar hafa notið stuðnings karla til menntunar og útgáfu verka sinna.

Þýðingar eru höfundar.

